

Stórfeldar breytingar á sundlaugunum.

ÞEGAR sundlaugarnar verða opnaðar aftur um miðjan maí verður búið að gerbreyta öllu fyrirkomulagi um móttöku baðgesta.

Með breytingum þeim sem gerðar hafa verið geta allt að því 124 manns afklætt sig í einu í klefum eða þar til gerðum skálum.

Því er einnig svo fyrir komið, að klefarnir eru ekki notaðir nema rjett þá stundina, sem menn eru að afklæða sig — eða klæða sig í aftur.

Fötin eru afhent í sjerstakar fatageymslur og geymd þar, svo að hægt sé að fá klefana öðrum, jafneskjött og menn eru búnir að afklæða sig.

Klefarnir eru samtals 28. En auk þess eru tveir skálar, annar fyrir karla, og komast þar fyrir 62 manns og hinn fyrir konur, og komast þar fyrir 34 konur.

Með hinu nýja fyrirkomulagi eru einnig „hreinir“ og „óhreinir“ gangar, eins og í sundhöllinni.

Þegar komið er í sundlaugarnar verður fyrst fyrir í sundskálanum aðgöngumíðasala. — Síðan er gengið beint í klefa um „óhreina“ ganginn. Maður fær engan lykil að klefanum, heldur lokar maður honum með því að láta niður bekk þegar inn er komið.

Þegar menn hafa afklætt sig, er klefinn opnaður út á „hreina“ ganginn, sem liggur að fatageymslunni. Þar afhendir maður fót sín og geymir þar, þar til aftur er komið upp í sundlauginni. Tekur maður þá fót sín og fer um hreina ganginn inn í klefa, klæðir sig og fer út úr klefanum út á óhreina ganginn. Baðverðir gæta þess að reglunum um hreina og óhreina ganginn verði framfylgt.

Sjeu klefar uppteknir, geta konur afklætt sig í kvenskálum og karlar í karlaskálum.

Þá hafa einnig verið gerð rúmgóð steypiböð, heit, fyrir karla og konur.

Köldu steypiböðin verða eins og áður utanhúss. Einnig eru sólskýli þar sem þau voru áður.

Þar sem áður var gengið inn í sundlaugarnar verður nú innangangur fyrir áhorfendur. Verða gerðar grindur í hálfhring um laugarnar, og geta áhorfendur verið utan þeirra.

Vegna þessara miklu breytinga hafa sundlaugarnar verið lokaðar þennan mánuð.

En þar sem veður er farið að hlýna hefir verið ákveðið að opna laugarnar á morgun, en þeir (og þær), sem laugarnar sækja næstu vikur, verða að afklæða sig í sólbæðskýlum undir beru lofti.

Minningarorð um Jón Kristjánsson, lækni.

Í dag verður til moldar borinn Jón Kristjánsson lækni. — Hann hafði átt við langa vanheilsu að stríða, en var talinn á batavegi, er honum versnaði skyndilega, svo hann dó fáum dögum síðar.

Jón heitinn var fæddur að Breiðabólstað í Vesturhópi 14. júní 1881, og voru foreldrar hans Kristján Jónsson prests Kristjánssonar og Gróa Ólafsdóttir frá Sveinsstöðum.

Hann kom í Latínuskólann haustið 1898 og útskrifaðist þaðan vorið 1904. Fór hann þá á Læknaskólann. En áður en hann lauk því námi, sigldi hann til Hafnar 1907 til að nema nuddlækningar, er þá voru litlir iðkaðar hjer. Eftir það setti hann hjer upp nuddlækningastofu, og stundaði hann þær lækningar altaf síðan. En fyrstu árin las hann læknisfræði til prófs, jafnframt lækningastarfssemi þessari. — Læknapróf tók hann 1914.

Um alllangt skeið var Jón heitinn svo að segja eini nuddlækni hjer í bænum, enda hafði hann þá allra Íslendinga besta mentun í þeirri grein. — Hann var sá fyrsti, er notaði hjer „diathermi“-áhöld, og fékk til þess ríkisstyrk að kaupa þau áhöld til landsins og starfrækja þau. Var löngum mikil aðsókn að lækningastofu hans, enda eru þeir orðnir margir, sem fyrir hans tilverknað síðustu 30 árin hafa fengið bót á þjáningum og gigtarmeinum. Jón var maður ljettur í lund, og hafði glöðlyndi hans hin bestu áhrif á sjúklinga þá, er sóttu til hans heilsubót. En þó hann væri oft glaður í vinahóp, var hann aldrei glaðari, en þegar hann sá góðan árangur af lækningum sínum. Og ljét hann sjer þá aldrei mjög umhugað um hvort peningaborgun kæmi fyrir.

Árið 1924 sigldi hann til Vínarborgar til frekari sjerfræðináms.

Allir, sem kyntust Jóni heitnum eru á einu máli um það, að einlægari mann og hrekklausari er vart að finna. Hann var einn þeirra manna, sem ljét allt af góðvild og greiðasemi við náungan ráða mestu í viðskiftum sínum, og viðmóti við aðra. — Allir, sem nutu góðvildar hans og glaðværdar, sakna hins drenglynda manns, sem reyndi jafnan að láta heldur birta yfir geði manna, þeirra er urðu á vegi hans.

Árið 1913 giftist hann Emilíu Sighvatsdóttur Bjarnasonar bankastjóra. Lifir hún mann sinn, ásamt 5 börnum þeirra. En



Jón Kristjánsson.

tvö börn mistu þau. Börn þeirra sem lifa, eru Sighvatur, Kristján, Ólafur, Þorbjörg og Agúst.

FLUGFERÐIR UM ÍSLAND.

FRAMH. AF FIMTU SÍÐU. Í stað muni þó tver flugvælar nægja og önnur þurfi ekki að vera stærri en 3—4 manna flugvælar.

Hin minni flugvælar verður til margs brúks, en geta má um síðarleið, sem reynd var með góðum árangri í flugtilraunum áður.

Lesendur vorir geta nú dæmt um það sjálfir, ef athuganir þær, sem hjer hafa verið gerðar, eru rjettar, og taka fram það helsta sem máli skiptir, hvort framtíðardraumar um flugferðir á Íslandi sjeu tóm hjartsýni.

Áhugi fyrir flugmálum hefir óð um farið vaxandi í vetur. Áhuginn þarf að vera nægilega almennur, svo að hægt verði að safna stofnþje í vantanlegt flugfjelag.

Agnar Koefoed Hansen og fjelag hans í Flugmálafjelagi Íslands hafa best gengið fram um að skapa þennan áhuga.

Í annari grein mun jeg segja frá Flugmálafjelagi Íslands.

Pr.

VJELBÁTUR SEKKUR.

FRAMH. AF ÞRIÐJU SÍÐU. að halda honum á floti með dælunum. Þá höfðu þeir á sjer björgunarbelti til öryggis.

En „Óskar“ var skamt kominn með „Gamm“, er „Gammur“ sökk skyndilega. Bátverjar fóru í sjóinn. En þeir flutu á björgunarbeltunum og komust brátt um borð í „Óskar“, er hjelt með þá til Eyja. Veður var gott.

Formaður á „Gamm“ var Torfi Einarsson, en formaður á „Óskar“ er Karl Einarsson. — „Gammur“ var 10 tonna bátur, súðbyrðingur, gamall nokkuð.

Áttæðisafmæli.



Áttæð er í dag Margrjet Bjarnadóttir, Vesturgötu 53 B. Hún fluttist hingað til bæjarins ásamt manni sínum, Einar Guðmundssyni, fyrir meir en hálfri öld.

Þau komu hingað eignalaus eftir fátækleg og erfið uppeldisár eins og þá gerðust, en því andugri að mannkostum, starfslöngun, iðjusemi og hagsýni og umfram allt góðvilja og hjálpssemi við alla. Þó Einar hafi altaf verið hjer verkamaður, hafa þau hjón uppalið hjer sex börn sín sómasamlega og komið heim vel til manns og þar að anki fósturdóttur. Til þessa nægja engar verkamannstekjur nema húsmóðirin sje fráber að nýtni og hagsýni. En auk þess hefir þau aldrei skort húsið hjartarúm til að taka á móti þeim sem til þeirra hafa leitað og margur hefir frá þeirra garði gengið glaðari og vonbetri, því góðum þeina hafa jafnan fylgt góð ráð og kærleiksrík uppörfun. Því munu þeir margir sem í dag minnast Margrjetar og þeirra hjóna með innilegri þen um gæfu, og guðs blessun á komandi árum.

G.

Þórarinn Jónsson

Kveðja frá æskuvini.

Þú fórst svo glaður frá mjer viaur kæri, jeg fyrirboða engan sá á hjer. Að dauðinn svona dapur nálæg væri var dásamlega hulið fyrir mjer.

En svo kom fregnin, sára og niðings kalda er sorgarþunga lagði á huga minn. Að burt þið tæki bláa hafsins alda þó bleikur aðeins næðist líkaminn.

Það er svo margt, sem enginn máur skilur við örskamt sjáum fram á tímans braut, hið mikla fortjald hjervist lífains hylur uns höldið síðast legst í grafarskauf.

Vinur, jeg þakka viðkyrningu þína sem veitt mjer hefir einatt gleðistund, hún varpar ljósi yfir æfi minn því aldrei gleymi jeg þinni tryggu lund.

Mín von og trú, jeg veit að muni restast þó vegir okkar skilji þetta sinn, í veröld fegrri fáum við að mæstast og friðar njóta æskuvinnur minn.

Þín góða sál er nú til himins hafin hvar hrein og ljúfur andar sum-arblær.

Þú lifir sáll, í ljósi drottins vafin, við ljóma þann hvert visnað blóm-ið grær.

Karl. Chr. Nielsen.

YFIRHEYRSLUM Í KÖBER-MÁLINU LOKIÐ.

Yfirheyrslum í Köbermálinu sem staðið hafa yfir mánuðum saman, er nú lokið.

„Aftenposten“ gerir ráð fyrir, að ákærinni um föðurmorð verði breytt og að frá Köber verði ákærð fyrir að hafa átt þátt í sjálfsmorði föður síns.

(Skr. einkaak.).

JÖRGEN BAST, BISKUP, LÁTINN.

Jörgen Bast, fyrverandi Me-todistabiskup í Kaupmanna höfn, andaðist nýlega eftir margra ára vanheilsu.

Bast biskup var um nokkurra ára skeið mjög áberandi persóna í opinberu lífi í Kaupmannahöfn, en varð að láta af embætti sínu, sakir þess, að misfællur þóttu verða á meðferð hans á samskotafje sem varði skyldi í góðgerðaskyni. (FÚ)

Gefur
hinn
rjetta
fagra
gljáa.



Veitingasalan í Oddfellowhúsinu

getur bætt við nokkrum mönnum í fæði frá 1. maí.

5 manna drossía

í ágætu standi til sölu. Uppl. á bílaverkstæði Mjólurfjelags Reykjavíkur.

Nýorpin egg.

Verðið lækkað.

Versl. Visir.

Sími 3555.

Fyrirliggjandi:

HAFRAMJÓL
HRÍSGRJÓN
KARTÓFLUMJÓL

Eggert Kristjánsson & Co.

Sími 1400.